

5. Fundur Atvinnu, menningar – og ferðamálanefndar Langanesbyggðar haldinn í Menntasetrinu á Þórshöfn fimmtudaginn 8. janúar 2015 og hófst kl 17:00.

Mættir eru: Gréta Bergrún Jóhannesdóttir, Oddný Sigríður Kristjánsdóttir, Björn Guðmundur Björnsson, Þorsteinn Vilberg Þórisson og Vilborg Stefánsdóttir.

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

1. Hvatningarverðlaun 2014.

Miklar umræður og margt rætt, mörg lítil fyrirtæki eru að gera góða hluti. Ákveðið að veita tveimur fyrirtækjum viðurkenningu fyrir árið 2014, fyrir markverðar framfarir og að styrkja samfélagið.

2. Skýrsla sem unnin var eftir íbúáþing vorið 2013.

Tekin fyrir skýrsla sem unnin var á íbúáþingi vorið 2013. Margir góðir punktar sem lítið hefur verið unnið með

- a. Veðurstöð á Þórshöfn – ekki komin en áhugi fyrir því að fá hana hingað. Vilji til að athuga stöðuna á því máli og óskað eftir því að nefndin fái upplýsingar um það.
- b. Netsamband inn til sveita lélegt
- c. Smíða líkan af Skálum – er hægt að koma svoleiðis verkefni í gang í samstarfi við einhvern listaháskóla
- d. Fuglaljósmyndakeppni – gæti verið góð fyrir sumarið

3. Könnun – Kátir dagar og almenn ferðapjónustumál.

Rætt um að boða hagsmunaaðila til fundar við nefndina til að koma af stað umræðu um fyrirkomulag hátíðarinnar, hvernig hægt sé að halda utan um þennan samfélagsviðburð með skipulögðum hætti. Stefnt að því að halda fundinn í febrúar.

4. Ferðapjónustukynning/stefnumót í byrjun febrúar

Stefnt að því að halda ferðapjónustukynningu/stefnumót í byrjun febrúar sem er opið fyrir alla íbúa.

5. Önnur mál:

- a. Umhverfiskönnun – Vilborg og Steini taka að sér að vinna úr svörum fyrir hönd nefndarinnar, ásamt fulltrúum frá umhverfisnefnd. Formaður sendir erindi á formann umhverfisnefndar um að tilnefna fulltrúa frá þeim

Fleira ekki rætt
Fundi slitið 18.40